

Ed. 462. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaiútsvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslensk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða reknet.

2. gr.

Upphaf 9. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. $\frac{3}{4}\%$ útflutningsgjald af síldarafurðum og $\frac{1}{2}\%$ útflutningsgjald af öllum öðrum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem koma frá botnvörpuskipum, hvalveiðum og selveiðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.